

# Fjallamennskunám í FAS

Skipulag fagnámsins 2019-2020

Námið er 60 eininga vettvangs- og fjarnám

Námið hefst 20. ágúst og því lýkur 20. maí.



## Ferðir og áfangar

Ferðirnar eru tólf og eru í 3 – 9 daga. Ferðirnar eru ýmist almennar gönguferðir, vetrarferðir, klettklifur, fjallaskíðaferðir og jöklaferðir. Nemendur þurfa að mæta í ferðirnar og námslotu í fyrstu hjálp en geta stundað annað nám hvar sem er. Allar ferðir byrja og enda í FAS á Höfn.

## Ferðir á eigin vegum

Nemendur skipuleggja, skila inn ferðaáætlun og fara í ferðir á eigin vegum á því svæði sem þeir búa.

## Heimsóknir í fyrirtæki

Nemendur heimsækja fyrirtæki á þeim svæðum sem þér búa.

## Bóklegt nám

Veður- og jöklafræði, skipulagning ferða og hópastjórn og námsmappa þar sem öllu viðkomandi náminu er haldið til haga. Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna á neti.

## Fundir og samráð

Reglulegir sameiginlegir veffundir og önnur samskipti á vef. Greiður aðgangur nemenda er að kennurum.

## Húsnæði

Skólinn býður upp á gistaðstöðu á heimavistinni á Höfn í tengslum við ferðir.

Heimavist er einnig í boði fyrir alla önnina.

## Kostnaður

Skráningargjald er 6.000 kr. hvora önn.

Nemendur greiða auk þess fyrir námsgögn, persónulegan búnað og fæði. Skólinn útvegar almennan tæknilegan búnað fyrir námskeiðin auk tjalda.

Gisting á heimavist í tengslum við ferðir er 3.000 kr á nótt.

Pláss á heimavist alla önnina kostar 90.000 kr.

Nemendur sem eiga lögheimili utan pósthfangs 780 eiga rétt á jöfnunarstyrk frá LÍN.

## Ágúst

Gönguferð 1. (5 dagar)

## September

Klettklifur 1 (4 dagar)

Klettklifur 2. (5 dagar)

## Október

Gönguferð 2. (3 dagar)

Jöklaferð 1. (4 dagar)

## Nóvember

Jöklaferð 2. (4 dagar)

## Janúar

Fyrsta hjálp. (3 dagar)

## Febrúar

Vetrarferð 1. (4 dagar)

Skíðaferð (7 dagar)

## Mars

Vetrarferð 2. (4 dagar)

## Apríl

Hæfniferð A. (7 dagar)

## Maí

Hæfniferð B. (8 dagar)